

Úthlutunarreglur styrkja Menningar-og ferðamálaráðs Vesturbyggðar

1. Tilgangur styrkjanna er að efla menningar-og ferðamál innan Vesturbyggðar.
2. Umsækjendur geta verið eintaklingar, fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir.
3. Styrkir verða ekki veittir til verkefna sem eru á vegum ríkis eða sveitarfélaga.
4. Styrkir geta aldrei verið hærri fjárhæð en sem nemur helmingi alls kostnaðar við tiltekið verkefni. Að öllu jöfnu skal fjárhæð hvers styrks ekki vera hærri en kr. 100.000.-
5. Umsóknir um styrki skal skilað inn á þar til gerðum eyðublöðum sem eru aðgengileg á heimasíðu Vesturbyggðar – www.vesturbyggd.is.
6. Menningar- og ferðamálaráð skal auglýsa eftir umsóknum á heimasíðu Vesturbyggðar með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Umsóknarfrestur er fjórum sinnum á ári hverju og er það sem hér segir;
 - 1.febrúar
 - 1.maí
 - 1.september
 - 1.desember
7. Umsóknir eru afgreiddar fjórum sinnum á ári sbr. 6.gr. reglnanna en verkefni/viðburð skal miða við yfirstandandi almanaksár.
8. Skila þarf inn ítarlegri greinargerð um framvindu og stöðu verkefnis með umsókn ef umsækjandi hefur áður fengið styrk til sama verkefnis.

Reglur þessar voru staðfestar á 883. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar þann 22.október 2019.